

Eystrahorn

5. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 3.febrúar 2022

www.eystrahorn.is

Uppgjör hauststarfa í sauðfjárrækt í Austur-Skaftafellssýslu

Þátttaka í lambadómum í Austur-Skaftafellssýslu var góð að vanda. Dæmd voru alls 2932 lömb, þar af 541 lambhrútar og 2391 gimbrar, sem er 4,5% fleiri lömb en 2020.

Vænleiki lamba var mjög góður og voru lambhrútar að meðaltali 48,6 kg og með 84,5 heildarstig. Ómvöðvi var að meðaltali 30,9 mm, ómfita 3,1 mm og lögun 4,2. Gimbrarnar voru 42,2 kg að meðaltali, með 29,6 mm bakvöðva, 3,2 mm ómfitu og lögun 4,0.

Alls voru 53 lambhrútar með 86,5 heildarstig og þar af var einn með 89,0 heildarstig, einn með 88,5 og fjórir lambhrútar með 88,0 heildarstig. Þrjár efstu lambhrútar sýslunnar eru frá Setbergi. Í þriðja sæti er lambhrúturinn Ómur 21-504 með 88,0 heildarstig, 56,0 fyrir alls2 sem er samanlögð stig fyrir háls/herðar, bringu/útlögur, bak, malir og læri. Hann er undan Lóm 14-504 Salamonssyni 10-906 og móðurfaðir er Gróði 11-958. Í öðru sæti er lambhrútur 7121 með 88,5 heildarstig, 54,5 fyrir alls2 og með 30 mm bakvöðva. Hann er einnig undan Lóm 14-504 og móðurfaðir er Bergur 13-961. Í fyrsta sæti er lambhrúturinn Ábóti 21-014 frá Setbergi með 89,0 heildarstig, 56,0 fyrir alls2



Stefán Helgason Setbergi handhafi Guðjónsskjaldarins, Gunnar Sigurjónsson afhendir honum hann.

og ómmæling 35 mm ómvöðvi, 4,8 mm ómfita og 4,5 í lögun. Ábóti er undan Ramma 18-834 og móðurfaðir Grímur 14-955.

Ábóti 21-014 frá Setbergi er handhafi Guðjónsskjaldarins haustið 2021.

Stigahæsta gimbrin haustið 2021 er nr. 21-002 frá Fornustekkm með 37,5 stig alls. Hún var 42 kg, 34 mm ómvöðva, 9,5 fyrir framburt og 19,5 fyrir

malir/læri. Alls voru 48 gimbrar með 36,0 í heildarstig. Tvær gimbrar náðu 39 mm bakvöðva. 21-102 Titla frá Setbergi undan áðurnefndum Lóm 14-504 og 21-138 frá Nýpugörðum undan Ljóma 17-569 Bjartssyni 15-967. Tveir lambhrútar náðu 40 og 41 mm bakvöðva. Dreilir 21-093 frá Viðborðsseli undan Austra 19-847 með 40 mm bakvöðva og þykkasta bakvöðvann, 41 mm,

var Strammi 21-505 frá Setbergi undan Ramma 18-834.

Mikið var af góðum hrútsefnum og gimbrum sem dæmd voru í haust í Austur-Skaftafellssýslu og verður spennandi að sjá hvernig þau munu reynast í ræktunarstarfinu á komandi árum.

Fanney Ólöf Lárusdóttir,
Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins

Fjáröflun

Kæru bæjarbúar

Við í 3. flokki kvenna og karla í knattspyrnu stefnum á að fara til Spánar í knattspyrnskóla í sumar. Til þess að af því geti orðið þurfum við hjálp við að safna fyrir ferðinni. Þær fjáraflanir sem áætlaðar eru hjá okkur á næstunni eru til dæmis sala á nautgripahakki og hamborgurum og fjölskyldupakki með ís. Þær fjáraflanir fara af stað núna í byrjun febrúar en einnig er önnur fjáröflun plönuð í lok febrúar. Þá ætlum við að spila fótbolta í 24 klukkutíma gegn áheimum.

Við erum öflugir krakkar sem erum tilbúin að vinna alls konar vinnu gegn greiðslu sem færir öll upp í ferðina.

Hægt er að hafa samband við umsjónarmann fjáröflunar okkar Laufey Sveinsdóttir (laufeysv@gmail.com) um áheiti eða verkefni sem við getum unnið.

Við vonum að þið takið vel á móti okkur og hjálpi okkur að láta þennan draum rætast.

Krakkarnir í 3. flokki karla og kvenna í knattspyrnu.



Nálgast má blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



HAFNARKIRKJA
Sunnudaginn 6. febrúar.
Sunnudagaskóli kl. 11:00
Við munum syngja, hlusta á sögu, lita og hafa gaman Djús og kex eftir stundina. Allir velkomnir.


Sumarstarf á Skjólgarði.

Óskað er eftir áhugasömu starfsfólki í umönnun í sumar. Í boði er skemmtilegt og gefandi starf við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimlinu Skjólgarði. Ýmsir möguleikar á starfsflutfalli og eru í boði blandaðar vaktir í frábærum hópi starfsmanna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- Starfsmaður þarf að hafa náð 18 ára aldri
- Reynsla af umönnun er mikill kostur

Allar frekari upplýsingar fást hjá Jóhönnu Sigríði, framkvæmdastjóra hjúkrunar í síma 855-2305 eða í tölvupósti: johanna@skjolgardur.is



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA KÆRU FÉLAGSMENN!



Nú setjum við starfið okkar aftur í gang. Allt samkvæmt dagskránni sem þið eigið að hafa frá því í haust.

Fastir liðir: Ganga, leikfimi í sal, vatnsleikfimi, boccia, handavinna, spil, skák, snóker, þythokki, pílukast.

Annað verður auglýst sérstaklega þegar að því kemur.

Fyrsta samverustundin á árinu verður 11. febrúar kl. 17 í Ekrú.

Hjörtur Haraldsson kvensjúkdómalæknir er með móttöku á heilsugæslustöðinni dagana **15. og 16. febrúar n.k.**

Tímamantanir á heilsuvera.is og í síma 432-2900 virka daga milli kl.09-14.00

Sigríður Sveinsdóttir háls-nef og eyrnalæknir verður með móttöku á heilsugæslustöðinni dagana **17. og 18. febrúar n.k.**

Tímamantanir á heilsuvera.is og í síma 432-2900 virka daga milli kl. 09.00-14.00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

ER EKKI BARA BEST AÐ FARA Í FRAMBOÐ?

Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga og stuðningsmenn þeirra auglýsa eftir áhugasömu fólki, á öllum aldri, til þess að taka sæti á framboðslista félagsins fyrir komandi kosningar.

Allir þeir sem hafa áhuga á að vera á lista og/eða starfa að málefnavinnu eru hvattir til að hafa samband sem fyrst við einhvern neðangreindra eigi síðar en **10. febrúar.**

Kristján S Guðnason kristjang@hornafjordur.is
Sími 693-7116

Arna Ósk Harðardóttir arnah@simnet.is
Sími 847-4035

Reynir Arnarson reynir@hornafjordur.is
Sími 893-9308



Framsóknarfélag Austur-Skaftafellssýslu



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritsjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem eru fjarri innanlandsmarkað eða úttflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á www.byggdastofnun.is



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Veðurfar 2007-2017

Meðfylgjandi eru tvær myndir og tafla sem sýna grófa samantekt á völdum veðurþáttum fyrir veðurstöð Veðurstofu Íslands, númer 705 á Höfn í Hornafirði. Samantektin er unnin upp úr gögnum um mánaðarmeðaltöl, sem aðgengileg eru almenningi á vef Veðurstofu Íslands (e.d.).

Rétt er að benda á að hér er um mjög grófa samantekt að ræða. Þar sem hrá meðaltöl fyrir tímabilið 2007 til 2017 eru sett fram án frekari tölfraðigreiningar eða samanburðar og birt á þessum vettvangi til gamans fyrir áhugasama.

Niðurstöðurnar gefa þó ágæta hugmynd um hegðun tiltekinna veðurfarsþátta á svæðinu. Sem geta mögulega nýst þeim sem til dæmis eru að velta fyrir sér hvenær best er, að


Mánuður	Meðalhiti [°C]	Hæsti hiti [°C]	Lægsti hiti [°C]	Meðal rakastig [%]	Meðal heildarúrorkoma [mm]	Mesta sólarhringsúrorkoma [mm]	Meðal loftþrýstingur [hPa]	Meðal skýjahula [0 til 8]	Meðal vindhraði [m/s]
Janúar	1,4	10,6	-10,7	80	184	48	999	6	6
Febrúar	1,8	12,0	-10,9	78	147	73	1002	6	6
Mars	2,3	16,0	-7,6	77	144	57	1005	6	6
Apríl	4,1	17,0	-6,9	74	96	62	1011	6	6
Mai	6,7	16,4	-5,1	76	73	48	1013	6	5
Júní	9,5	19,1	1,1	82	47	29	1015	7	5
Júlí	10,8	22,8	4,4	85	89	76	1011	7	4
Ágúst	10,7	18,8	3,0	83	83	56	1009	6	4
September	8,9	16,0	-0,8	84	182	61	1005	6	5
Október	5,6	14,4	-4,3	81	178	121	1004	6	6
Nóvember	2,8	11,3	-6,5	77	156	78	1002	6	6
Desember	1,0	11,7	-11,4	78	153	38	999	6	7

Mánaðargildi valinna veðurþátta á tímabilinu 2007-2017.


vera búinn að tengja garðúðarann fyrir sumarið, eða vantar umræðuefni í kaffitímanum.

Sigurður Ragnarsson

Heimild: Veðurstofa Íslands. (e.d.). Tímaraddir fyrir valdar veðurstöðvar. Sótt 22. janúar 2022 af <https://vedur.is/vedur/vedurfur/medaltalstofur/>



Meðalhiti mánaða á tímabilinu 2007-2017 ásamt hæsta og lægsta mældu gildi.



Meðal heildarúrorkoma mánaða á tímabilinu 2007-2017 ásamt mestu mældu sólarhringsúrorkomu.

Bæjarmálafundur

Sjálfstæðisfélag A- Skaft verður með bæjarmálafund í Sjallanum, Kirkjubraut 3, laugardaginn 5. febrúar kl 10:30.

Fundarefnið eru framboðsmál vegna sveitarstjórnarkosninga 2022.

Ef þú hefur áhuga á að gera þitt samfélag betra og vilt taka þátt í því, þá skaltu endilega mæta á fundinn, taka þátt í umræðum og segja frá þinni skoðun.

Verið velkomin



(((HEYRN)))
HEYRNARÞJÓNUSTA



Verðum á heilsugæslunni á Höfn í Hornafirði
föstudaginn 4. janúar

ReSound
rediscover hearing

Verið velkomin

Góð heyrn glæðir samskipti
Tímabantanir 534 9600

Heyrn - Hlíðarsmára 19
201 Kópavogi - www.heyrn.is



Forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands

Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar. Stofan er alhliða rannsóknar- og þjónustustofnun í náttúrufræðum og starfar eftir lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Starfssvæðið nær yfir Sveitarfélagið Hornafjörð og Skaftárhrepp og er stofan með aðsetur á Höfn og starfsstöð á Kirkjubæjarklaustri. Náttúrustofan hefur starfað frá 2013 og árið 2021 voru stöðugildi hjá stofunni 4,7 talsins.

Helstu verkefni forstöðumanns:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi stofunnar, rekstri og stjórnun.
- Leiðir rannsóknir- og styrkjaöflun á verkefnasviði stofunnar
- Fjármál, áætlanagerð og innleiðing stefnumótunar í samstarfi við stjórn.
- Ábyrgð á verkefnasamningum
- Samskipti við stjórnvöld, aðildarsveitarfélög, samstarfsaðila og viðskiptavinum
- Veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í náttúrufræði eða þekking sem meta má til jafns við það.
- Haldbær starfsreynsla af umhverfis- og náttúrufræðistörfum.
- Reynsla af styrkumsóknum og sjálfstæðum vinnubrögðum
- Stjórnunar- og rekstrareynsla er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Samstarfshæfni og sveigjanleiki er nauðsynlegur.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í ræðu og riti á íslensku og að minnsta kosti einu öðru tungumáli

Umsókn ásamt kynningarbréfi og ferilskrá skal senda í Ráðhús Hornafjarðar merkt „Forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands“, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is fyrir 13. febrúar 2022.

Nánari upplýsingar veitir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar í síma 470 8016 eða á netfangið matthildur@hornafjordur.is.

Sjá nánar á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands, www.nattsa.is

Aukin starfsemi og bætt aðstaða starfsmanna á Breiðamerkursandi

Við hátíðlega athöfn á björtum og fallegum sumardegri í júlí 2017 skrifaði þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttir, undir nýja reglugerð þar sem Breiðamerkursandur, þ.m.t. Jökulsárlón, var formlega friðlýstur sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

Frá þessum fallega sumardegri hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ekki bara bókstaflega, heldur líka í rekstri suðursvæðis þjóðgarðsins. Í fyrstu hafði starfsfólk við Jökulsárlón aðstöðu í litlu hjólhýsi og höfðu einnig aðgang að gömlum salernisgámi sem var fyrir á staðnum. Á þessum fyrstu árum bjó starfsfólkið á Hrollaugsstöðum, þar sem það hafði einnig svolitla vinnuádstöðu. Húsnæðið á Hrollaugsstöðum hafði fyrir þann tíma verið notað sem gistiheimili og þar áður undir skólastofur o.fl., og hentaði þjóðgarðinum ekki sem skyldi.

Í janúar 2019 flutti þjóðgarðurinn starfsemi sína úr Hrollaugsstöðum í Skaftafell, m.a. til þess að samnýta mætti starfsfólk í Skaftafelli og á Breiðamerkursandi. Það fyrirkomulag hefur gengið mjög vel, en þar sem umfang starfseminnar á Breiðamerkursandi hefur farið vaxandi er því kominn tími á að aðgreina starfsemina aftur.

Á meðan hefur Sveitarfélagið Hornafjörður, í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og með styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, breytt þeim hluta Hrollaugsstöða sem þjóðgarðurinn leigði á sínum tíma í fimm íbúðir. Vatnajökulsþjóðgarður hefur skuldbundið sig til þess að leigja þrjár þeirra til næstu 10 ára og að auki hefur þjóðgarðurinn fengið fjórðu íbúðinni úthlutað. Íbúðirnar eru bæði tveggja- og þriggja herbergja og er öll aðstaða landvarða þar til fyrirmyndar. Um 15 mínútna akstur er frá Hrollaugsstöðum að Jökulsárlóni og um 40 mínútna akstur á Höfn.

Aðstaðan við Jökulsárlón er líka alltaf að batna. Tímabundnar salerniseiningar

voru settar upp sumarið 2018 og Skúmaskot, viðveruhús landvarða, var sett upp í apríl 2019. Auk Breiðamerkursands munu landverðir á svæðinu sinna verkefnum á austurhluta suðursvæðis; í Hjallanesi, á Heinabergssvæðinu og við Hoffell.

Jökulsárlón er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum Íslands en árið 2018 er áætlað að allt að 840.000 gestir hafi heimsótt svæðið. Árið 2021 er talið að um 460.000 gestir hafi heimsótt Jökulsárlón, eða tæplega 70% af þeim 688.000 gestum sem heimsóttu Ísland á árinu. Uppbygging innviða á svæðinu er í fullum gangi, en á síðustu 2 árum hafa verið gerð bílastæði í bæði eystri- og vestari Fellsfjöru. Á árinu 2022 er áætlað að sett verið upp innkomutorg á austanverðum Breiðamerkursandi, nýtt bílastæði við Nýgræðuöldur, og vinna við hönnun fráveitumannvirkja og salernishúsa er í fullum gangi. Þess má einnig geta að Jökulsárlón var á árinu 2021 valið til þess að verða eitt af fjórum fyrstu Vörðum Íslands. Það er mikil viðurkenning fyrir svæðið og hvetur okkur hjá Vatnajökulsþjóðgarði til áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu, í samræmi við stefnu Vörðu. Nánar má lesa um Vörðu verkefnið á heimasíðu verkefnisins, www.varda.is.

Í sumar verða 8 starfsmenn auk yfirlandvarðar á svæðinu. Með áframhaldandi uppbyggingu við Jökulsárlón má gera ráð fyrir aukinni fjölgun starfsfólks á komandi árum.



Þörf uppbyggingar á aðstöðu fyrir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn
14., 15. og 16. febrúar.

Tímabuntanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 11. febrúar.
Ekki skoðað í mars.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Spennandi sumarstörf



Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð.

Um er að ræða framleiðslustörf á þrískiptum átta tíma vöktum í kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Möguleiki er á áframhaldandi starfi. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa gild ökuréttindi og hreint sakavottorð.

Almennar hæfniskröfur

- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í teymi

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um. Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í **470 7700** eða á **starf@alcoa.com**. Hægt er að sækja um sumarstarf hjá Fjarðaáli á **alcoa.is**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknir eru trúnaðarmál og verður þeim öllum svarað. **Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 1. mars.**



Fjarðaál
alcoa.is

